

1989 nr. 14 7. mars**Lög um norrænan þróunarsjóð**

Tóku gildi 30. janúar 1989. Breytt með l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

■ 1. gr.

□ Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

■ 2. gr.

□ Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,¹⁾ svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði

hindra eða torvelða starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

¹⁾ Nú l. 87/1992.

■ 3. gr.

□ Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari [og tekjuskatti],¹⁾ svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

¹⁾ L. 129/2004, 80. gr.

■ 4. gr.

□ Lánessamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

■ 5. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.